

BORGARRÁÐ 7. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur og eftirlit með styrkjum og samstarfs- og þjónustusamningum - R21010121

Lagt er fram í borgarráði tillögur um fjárframlög og samstarfssamningar við félagasamtök af ÍTR til samþykktar. Óskað er svara við eftirfarandi spurningum:

Hvernig er séð til þess að gætt sé að samræmingabáttum milla sviða/greina, hvort reglur séu skilvirkar, hvort gætt sé jafnræðis, jafnréttis og mannréttinda við ákvörðun styrkja og samstarfssamninga? Taka reglur um styrkveitingar og samstarfssamninga t.d. á ábyrgðarhlutverki aðila er varðar skil styrkþega á greinargerðum um hvernig styrkfé hefur verið varið líkt og kveðið er á um í reglum? Er eftirlitshlutverk skýrt t.d. gagnvart fjármálaskrifstofu hvað varðar skil á greinargerðum? Hvernig er fjárhagslegu innra eftirliti háttað með samstarfs- og þjónustusamningum? Eru til skriflegir verkferlar um eftirlitsaðgerðir og skilgreindar aðgerðir við brotum á samningum? Er skýrt t.d. hvað á að teljast til styrkja en ekki fjárhagsaðstoðar? Enda þótt reglum sé fylgt þá útfæra sviðin þær á sinn hátt og þá má spyrja hvort útfærsla sé mismunandi?